

## **FJALLSKILABOÐ**

### **Miðfirðinga haustið 2012.**

Tímanlega fimmtudaginn 6. september n.k. skulu allir leitarmenn vera mættir á fremstu bæjum, tilbúnir að leggja upp á heiðar undir stjórn leitarstjóranna. Gangnamenn yngri en 15 ára verða ekki teknir gildir sem leitarmenn nema með samþykki viðkomandi leitarstjóra. Í 1. leit skal smala ofan bæði sauðfé og hrossum. Skulu hross af öllum viðkomandi heiðum sett til geymslu í girðinguna norðan við Laxahvamm. Gangi leitir samkvæmt áætlun, skulu þeir sem reka stóðið frá heiðargirðingum í safngirðingu að kvöldi 7. sept. koma því til réttar laugardaginn 8. sept. kl. 9 f.h. og hefst þá stóðrétt. Fjárrétt hefst síðar sama dag, strax og söfnin koma til réttar.

Fjallskilanefnd beinir því til leitarstjóra að láta smala syðri hluta afréttar fimmtudaginn 6. sept. ef veður leyfir.

Ákveði fjallskilanefnd að fella niður eitthvað af álagðri fjallskilavinnu munu viðkomandi aðilar ekki fá hana greidda.

Leitarstjórar skulu brýna fyrir mönnum sínum að hefja ekki leit fyrr en fullvist er að röð leitarmanna geti haldist á heiðum.

Fjallskilanefnd mælist eindregið til þess við gangnamenn, að þeir klæðist áberandi litum hlífðarfatnaði og noti viðeigandi öryggishjálma í göngum.

Vinna eftirtalinna manna verður sem hér segir í 1. leit:

### **Aðalbólshreiði:**

#### **Kjálki:**

Kristófer Finnmörk 2 menn og sé Kristófer leitarstjóri, Sigvaldi Urriðaá 1 mann, Eggert Bjargshóli 2 menn, reki þeir stóð til réttar og sé annar þeirra rekstrarstjóri, Fjárhírðar ehf. Barkarstöðum 1 mann.

Pétur Torfustöðum 1 mann, Niels Fitjum 1 mann og reki hann stóð til réttar.

Flugastraumur ehf. Fremri-Fitjum 1 mann og reki hann stóð til réttar.

#### **Tungan:**

Félagsbúið Ósi 3 menn og sé Jón leitarstjóri, Þorvaldur Ytra-Bjargi 1 mann, Með ehf. Ytri-Reykjum 1 mann, Gunnar Ægir Björnsson 1 mann, Ari Guðmundur Bergsstöðum 1 mann. Bjargsbúið ehf. 2 menn.

**Athugið:** Af ofantöldum mönnum þurfa ekki að mæta fyrr en með bílnum á fimmtudagskvöld. Gagnamaður Fjárhírða ehf, gagnamaður Þorvaldar og annar maður Kristófers.

**Akstur á Aðalbólshreiði:** Niels á Fitjum. Á hann að fara frá Laugarbakka fimmtudagskvöldið þann 6. sept. kl. 18<sup>00</sup>.

### Núpsheiði:

Þórarinn Rafnsson 1 mann og sé Þórarinn leitarstjóri, Rafn á Staðarbakka 5 menn og útvegi flutningshest, Sigfús Jónsson 1 mann, Guðný Bessastöðum 1 mann , Ingi Hjörtur Svertingsstöðum 1 mann, Gísli Staðarbakka 3 menn og reki þeir stóð til réttar, Magnús Magnússon 2 menn og reki þeir stóð til réttar og sé Magnús rekstrarstjóri. Guðmundur Neðra-Núpi 5 menn. Sigurður Ingvi Bálkastöðum 1 mann. Guðni Þór Melstað 1 mann.

Akstur að heiðargirðingu: Guðmundur Neðra-Núpi.

### Húksheiði:

Tryggvi Sveðjustöðum 1 mann, Már Hermannsson 1 mann, Gunnlaugur Söndum 1 mann, Félagsbúið Skarfshóli 1 mann, og reki hann stóð til réttar, ef það er til staðar. Félagsbúið Búrfelli 2 menn, og sé Jón leitarstjóri þá útvegi félagsbúið flutningshest. Böðvar Sigvaldi Mýrum 2 menn, Friðrik Brekkulæk 1 mann, Davið Svarðbæli 1 mann, Arinbjörn Brekkulæk 1 mann. Karl Mýrum 1 mann.

Akstur að heiðargirðingu: Félagsbúið Búrfelli.

### Riminn:

Stefán Mýrum 1 mann og reki hann stóð til réttar af Núpsheiði, Helgi Huppahlíð 1 mann og reki hann stóð til réttar af Húksheiði ef það er til staðar, og Karl Mýrum 1 mann og smali hann austur í Núpsdal.

Marklýsing á sauðfé:

Ari Skarfshóli og Gerður Reykjum.

Marklýsing á hrossum:

Eggert Bjargshóli og Gunnar Áslandi.

Réttarstjóri í öllum réttum:

Helgi Heggstöðum.

Hirða fé (og setja á bíla) úr Hrútatungurétt (aðalrétt og seinni rétt): Ingimar Uppsöldum og Jón Ívar Skarfshóli. Flytja fé úr Hrútatungurétt,(aðalrétt og seinni rétt.) Karl Mýrum, Stefán Mýrum, Rafn Staðarbakka.

**Heimalandasmölun verði laugardaginn 29.september og skilarétt sunnudaginn 30. september kl. 14<sup>00</sup>.**

Pá er landeigendum bent á V. Kafla 28.grein fjallskilasamþykktar fyrir Húnaþing vestra, um hreinsun heimalanda og fjallskil en þar segir:

“Ábúenda eða eigenda er skyld að smala land sitt svo oft sem fjallskilastjórn fyrirskipar þótt hann eigi ekki fjárvon sjálfur. Geri hann það ekki skal fjallskilastjórn láta smala landið á kostnað eigenda. Skilarétt skal halda haust hvert og á þeim stað og tíma sem fjallskilastjórn ákveður “.

Fjallskilaboð þetta er skv. ákvörðun fjallskilanefndar Miðfirðinga frá 13. ágúst s.l.

Rafn Benediktsson,  
Ari G.Guðmundsson,  
Ólöf Þorsteinsdóttir.